

## Verklagsreglur um snjómokstur í Sveitarfélaginu Hornafjörður

### 1. Almenn

#### 1.1. Markmið

Markmið með vetrarþjónustu er að draga úr neikvæðum áhrifum snjós og íss á samgöngur í sveitarfélaginu með tilliti til einstaklinga, fyrirtækja og skólastarfs. Vetrarþjónusta miðar að því að halda opnum helstu stofn- og tengibrautum, akstursleiðum skólabíla og almenningssamgangna og tryggja aðgengi að neyðarþjónustu eins og kostur er.

#### 1.1. Ábyrgð

Bæjarverkstjóri heldur utan um vetrarþjónustu en yfirumsjón hefur sviðsstjóri Mannvirkjasviðs. Starfsmenn áhaldahúss sinna vetrarþjónustu en jafnframt er leitað til verktaka og leitast við að semja við aðila í nærsamfélaginu til að spara vegalengdir og tíma.

Tekið skal sérstaklega fram að sveitarfélagið annast **ekki** snjóhreinsun á neðangreindum stöðum:

- á bílastæðum eða plönum einstaklinga og fyrirtækja
- frá sorpílátum og bílskúrum einstaklinga og fyrirtækja
- Á heimkeyrslum að fyrirtækjum eða íbúðarhúsum í þéttbýli
- á heimreiðum í dreifbýli með undantekningum fyrir skólaakstur og notendur þjónustu á vegum félagsþjónustunnar skv. reglum þar um
- á einkavegum í og að sumarhúsaahverfum eða sumarhúsum
- að einstökum ferðamannastöðum
- á hlöðum eða plönum við útihús í dreifbýli

Aðilum sem sinna snjóhreinsun fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð ber ekki að draga bíla upp úr festu.

Sveitarfélagið greiðir ekki kostnað vegna snjóhreinsunar sem til hefur verið stofnað án samþykkis, en í neyðartilvikum getur þó lögregla, slökkvilið og heilbrigðisstofnanir óskað eftir snjóhreinsun á kostnað Vegagerðarinnar.

### 2. Snjómokstur í dreifbýli

Snjóhreinsun og hálkueyðingu í dreifbýli er stjórnað af bæjarverkstjóra og Vegagerðinni. Við ákvörðun á mokstri skal skólaakstur njóta forgangs.

#### 2.1. Þjóðvegir

Vegagerðin sér um alla snjóhreinsun á þjóðvegum og er þjónustustig skilgreint í handbók þeirra um vetrarþjónustu.

## 2.2. Helmingamokstur

Vegagerðin skilgreinir héraðs- og tengivegi sem vegi þar sem heimilt er að beita reglu um helmingamokstur. Samkvæmt reglum Vegagerðarinnar er heimilt að moka þessa vegi með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar allt að tvisvar sinnum í viku, meðan fært þykir vegna veðráttu og snjóþyngsla. Komi til að moka þurfi helmingamokstur oftast en tvisvar í viku verður að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar á móti sveitarfélaginu. Vegagerðin sér um þann mokstur að höfðu samráði við bæjarverkstjóra.

Brekkur, beygjur og varhugaverðir staðir eru hálkvarðir og sér Vegagerðin um það. Samkvæmt reglum Vegagerðarinnar er einnig heimilt að moka sérstaklega vegna jarðarfara og/eða neyðartilfella að beiðni viðbragðsaðila og greiðir Vegagerðin þann kostnað að fullu.

## 2.3. Heimreiðar

Sveitarfélagið annast almennt ekki hreinsun eða hálkvarnir heimreiða í dreifbýli. Einungis eru hreinsaðar heimreiðar að bæjum þar sem skólaakstri er sinn í samráði við skólalábstjóra. Einnig getur félagsþjónustan óskað eftir snjómokstri fyrir notendur þjónustunnar. Hreinsun á innansveitarvegum nýtur forgangs umfram hreinsun heimreiða.

Bæjarverkstjóri metur þörf á snjóhreinsun og hálkuvörnum, m.a. í samráði við skólalábstjóra. Vetrarþjónusta á fyrstu 50 m frá bæjum er þó ávallt á vegum húseigenda.

## 3. Snjómokstur í þéttbýli

Snjóhreinsun og hálkueyðingu í þéttbýli er stjórnað af Bæjarverkstjóra, sem sér m.a. um forgangsröðun verkefna í snjóhreinsun og hálkueyðingu í samræmi við forgangskort. Hann kallar út verktaka sem fylgja skulu fyrirmælum hvað varðar fyrirkomulag og gæði hreinsunar.

Sveitarfélagið hvetur íbúa til að hreinsa frá niðurföllum við lóðar sínar þegar það tekur að hlána. Starfsmenn Áhaldahúss reyna eftir fremsta megni að passa uppá að niðurföll séu í lagi.

### 3.1. Forgangsröðun vetrarþjónustu gangstíga og gatna í þéttbýli

Á kortasjá sveitarfélagsins má finna kort yfir forgangsröðun vetrarþjónustu á göngustígum og götum í þéttbýli [www.map.is/hofn](http://www.map.is/hofn).

#### **Grænar götur**

Grænar götur eru þær götur og vegir þar sem þjónusta er alfarið sinnt af Vegagerðinni.

#### **Forgangur 1 - Rauðar götur**

Þær götur sem þurfa ávallt að vera hreinsaðar fyrst vegna aðkomu að slökkvistöð, björgunarsveitarhúsi, heilsugæslu og sjúkrabíl.

#### **Forgangur 2 - Bláar götur**

Allar stofnbrautir og aðaltengigötur ásamt fjölförnum safngötum, meðal annars tengingar að neyðarþjónustu og skólastofnunum auk leiðarkerfis almenningsgangna. Lögð er áhersla á að bláar

götur séu alltaf greiðfærar og að hreinsun þeirra sé lokið fyrir kl. 08:00 að morgni virka daga. Bílastæði og plön við skóla, leikskóla, íþróttamiðstöðvar, slökkvistöðvar og björgunarmiðstöðvar eru í forgangi og skulu jafnframt vera hreinsuð fyrir 08:00 virka daga.

### **Forgangur 3 - Bleikar götur**

Brekkur sem sérstaklega þarf að huga að vegna háلكu.

### **Forgangur 4 - Aðrar götur**

Fáfarnar safngötur og húsagötur. Hreinsun hefst þegar hreinsun er lokið á bláum götum og er fyrst lögð áhersla á að stinga í gegn þannig að fært sé inn í götur áður en almenn snjóhreinsun fer fram. Við snjóhreinsun gatna er mögulegt að snjóruðningar eða -köggjar geti orðið eftir við innkeyrslur sem ekki næst að hreinsa og þurfa íbúar það sjá um þá hreinsun sjálfir. Bílastæði og plön við tónlistarskóla, ráðhús, söfn og aðrar stofnanir sveitarfélagsins skulu hreinsuð samhliða.

#### **3.2. Háلكuvarnir í þéttbýli**

Þörf á háلكuvörnum er metin eftir aðstæðum hverju sinni og er það í höndum bæjarverkstjóra að skipuleggja vinnu við þær. Notaður er saltblandaður sandur við háلكuvarnir.

#### **3.3. Göngustígar og gangstéttar**

Gert er ráð fyrir að gangstéttar að skólastofnunum og íþróttamiðstöðvum séu hreinsaðar. Lögð er áhersla á að þær séu alltaf greiðfærar og að hreinsun á þessum göngustígum og gangstéttum sé lokið fyrir kl. 08:00 að morgni virka daga.

## **4. Fyrirvari**

Reglur þessar eru settar fram sem viðmið og ber að líta þær sem slíkar. Sérstakar aðstæður vegna snjóþyngsla eða erfiðs tíðarfars geta raskað áformum um snjóhreinsun og háلكuvarnir. Ef snjómagn er mikið er ekki hjá því komist að ruðningar myndist fyrir framan innkeyrslur húsa. Starfsmenn gera sitt besta við að ruðningar verði ekki of miklir en íbúar eru beðnir um að hreinsa frá sínum innkeyrslum sjálfir þegar að ruðningar myndast.

Ef veður eða veðurútlit er með þeim hætti, áskilur sveitarfélagið sér rétt til að fella niður snjóhreinsun eða skerða þjónustu á meðan óveður gengur yfir. Vakin er athygli á að ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega mokstur á einstökum vegum eða götum.

Hvorki Vegagerðin né Sveitarfélagi Hornafjörður bera ábyrgð á óþægindum eða tjóni sem kann að verða, takist ekki að framfylgja viðmiðunarreglum þessum.

Samþykkt í bæjarráð Hornafjarðar þann 17.12.2024